

Shapy

Þegar einbeiting og
hraði skipta öllu máli...



Aldur: 4-99 ára

Þátttakendur: 1-8

Innihald : 41 marglitaðar flísar úr tré.

3 teningar með formum

1 spiladúkur

Hönnuður: Christiane Hüpper

Stutt lýsing:

Þátttakendur kasta öllum þremur teningunum í einu og allir eiga eiga að reyna að finna flísina með öllum formunum sem koma upp á teningunum.

Undirbúningur.

Öllum flísunum er raðað á dúkinn og teningunum þremur við hliðina á dúknum.

Það eru þrjár mögulegar leiðir þegar spilað er:

1. Í þessari útgáfu er best að ákveða áður en leikur hefst hversu mörgum flísám eigi að safna, t.d að sá sem fái fyrstur 5 flísar vinni. Yngsti

meðlimurinn kastar teningunum fyrstur. Markmiðið er að finna flísina sem er með sömu formum og teningarnir.

Dæmi. Ef þríhyrningur, hringur og hjarta kemur upp á teningunum þá á að finna þá flís sem er með öllum þremur formunum.

Allir leikmenn eiga að reyna að finna flísina. Sá sem finnur hann fyrst bendir á hana og tekur flísina svo til sín.

Svo kastar næsti leikmaður teningunum og leitað er að næstu flís o.s.frv.



2. Sama og í útgáfu eitt hér að ofan, nema að í stað þess að taka flísina eru skráð niður stig fyrir hana. Annað hvort skrá leikmenn sjálfir stig eða fá einn fullorðinn til aðstoðar. Í þessari útgáfu er einnig gott að þátttakendur ákveði stigafjölda eða tímamörk áður en leikur hefst.

T.d. gætu tímamörkin verið 10 mínútur og að sá vinni sem sé með flest stig að þeim loknum.

3. Hér er flísunum skipt jafnt á milli þeirra sem spila og leggur hver þátttakandi flísarnar fyrir framan sig svo allir sjái formin. Dúkurinn er hafður fyrir framan. Síðan er teningunum kastað og sá sem á flísina með sömu formum og teningarnir sýna setur flísina á dúkinn.

Sá sem losar sig fyrstur við allar flísarnar sínar vinnur leikinn.

Í þessari útgáfu er einnig mjög gott að vera búin að ákveða tímamörk eða fjölda flísa áður en leikur hefst.

T.d. að sá sem eigi færstar flísar eftir 10 mínútur vinni eða að sá vinni sem hafi fyrstur losað sig við allar flísarnar nema tvær.